



Akranesi 27.05.2019

Bæjarstjórn Akranes
Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

Afrit Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri

Vegna lokunar á Esjubraut

Við undirritaðir rekum verslunina Bresabúð á Kalmannsvöllum 1a. Verslunin hefur verið í rekstri nú í bráðum þrjú ár og er með sífellt stækkandi hóp viðskiptavina. Óhætt er að segja að Akurnesingar og nágrennar hafi tekið versluninni vel. Um 150 til 250 heimsóknir eru í verslunina á dag og því reiðum við sem og okkar viðskiptavinir á að aðgengi að versluninni sé gott

Lokun á Esjubraut mun örugglega hafa veruleg áhrif á þetta aðgengi og leiða má af því nokkuð sterkum líkum að við munum bera mikið fjárhagslegt tjón nú þegar okkar besta sölutímabil ársins er að renna upp.

Þegar þetta er skrifað hefur Esjubraut verið lokað og án þess að nokkrar merkingar (aðrar en hjáleiðir) hafi átt sér stað. Hjáleiðin er vægast sagt torfær og illa farinn. Á þeim nokkrum klukkustundum sem Esjubraut hefur verið lokað hefur nánast hver einasti viðskiptavinur kvartað yfir vondu aðgengi eða að ekki sé augljóst hvar koma á að búðinni

Ekkert samráð var haft við okkur annað en að tilkynna þessa lokun með bréfi, þar sem fram kemur áætlað framkvæmdatímabil og hugsanlegar hjáleiðir.

Við óskum eftir að bæjaryfirvöld

- Merki þær leiðir sem liggja að Bresabúð með nafni búðarinnar.
- Auglýsi hjáleiðir að Kalmannsvöllum á heimasíðu sinni og í þeim miðlum sem mest eru lesnir á Akranesi og nágrenni (pósturinn, Skessuhorn, Skagafrettir).
- Að hjáleiðum austan að (ofan úr hverfi) verði bætt við og vísuð við þar til fundar í morgun sem við áttum með Jóni Ólafssyni verkefnisstjóra verksins.
- Birti tímaáætlun verks þar sem tilgreint er hvenær ákveðnir verkhlutar eigi að vera búnir.
- Að verkefninu verði hraðað verulega miðað við þá áætlun sem nú leggur fyrir.

Virðingarfyllt

Karvel Lindberg Karvelsson og Mírus Líndal Hjartarson eigendur Bresabúðar.

